

Reglugerð um starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til fjármálafyrirtækja sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

2. gr.

Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins um notkun á föstum umboðsmönnum.

Innlend fjármálafyrirtæki sem hyggjast veita þjónustu eða stofna útibú samkvæmt V. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum skulu tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Ásamt upplýsingum sem ber að veita skv. 2. mgr. 36. gr. eða 1. mgr. 37. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki skal fjármálafyrirtæki einnig taka fram hvort það hyggst nota fasta umboðsmenn (e. tied agents).

3. gr.

Innleiðing.

Reglugerð þessi innleiðir í íslenskan rétt ákvæði 2. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 32. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagæringa, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og tekur þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 13. nóvember 2014.

F. h. r.

Tómas Brynjólfsson.

Leifur Arnkell Skarphéðinsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.